

## Fundargerð 451

Föstudaginn 2. júní 2017 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson formaður, Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður), Einar E. Einarsson, Ingunn Guðmundsdóttir, Oddný María Gunnarsson (varamaður), Rakel Óskarsdóttir varaformaður og Róbert Guðfinnsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir sérfræðingur á rekstrarsviði (við dagskrárlíð 5), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karl Björnsson og Sigríður Jóhannesdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 10:00 og kynntu fundarmenn sig fyrir fundinn. Að því loknu lagði formaður fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kynning fyrir nýja stjórnarmenn
  - Almennt um stofnunina
  - Hlutverk og skyldur stjórnarmanna
  - Rekstur og efnahagur
  - Verkefni einstakra starfssviða
  - Fundaáætlun til áramóta
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
4. Staða lánasafns Byggðastofnunar 30.04.2017
5. ICAAP skýrsla 2017 - kynning (Innra mat á eiginfjárförf Byggðastofnunar - Internal Capital Adequacy Assessment Process)
6. Fundargerðir lánanefndar
  - Leiga gróðurhúsa Byggðastofnunar á Valgerðarstöðum á Héraði
7. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar nr. 450 til kynningar.

### 2. Kynning fyrir nýja stjórnarmenn

AÐ kynnti starfsemi Byggðastofnunar fyrir nýjum stjórnarmönnum. Fór yfir sögu stofnunarinnar, hlutverk og skyldur stjórnarmanna og þær reglur sem gilda um stofnunina o.fl. Rætt var um nýja samninga vegna atvinnuþróunar og umhverfi og umsvið Byggðastofnunar.

AME fór yfir starfsemi fyrirtækjasviðs, lánaflokka, skiptingu lánasafns o.fl.

SBS fór yfir starfsemi og verkefni þróunarsviðs.

Forstjóra var falið að gera tillögu um fundi stjórnar til áramóta og senda til stjórnarmanna.

SBS vék af fundi.

### 3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AP og SBS fóru yfir stöðu verkefna og rekstrar í lok apríl. Rætt var um leiðir til að losna við eignir sem hafa verið lengi í eigu stofnunarinnar.

Gert var fundarhlé kl. 12:07 og var fundi framhaldið kl. 12:35

### 4. Staða lánasafns Byggðastofnunar 30.04.2017

AME fór yfir stöðu lánasafnsins í lok apríl, skiptingu þeirra eftir landssvæðum, atvinnugreinum, stærstu lántaka o.fl. Rætt var um vanda útflutningsfélaga.

### 5. ICAAP skýrsla 2017 - kynning

HP kom á fundinn undir þessum lið og fór yfir ICAAP (Internal Capital Adequacy Assessment Process) skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2017. ICAAP stendur fyrir innra matsferli á eiginfjárförf og er notað til að koma auga á og greina mismunandi hættur í rekstri fjármálafyrirtækja og meta eiginfjárförfina.

Helstu niðurstöður:

- Við mat á eiginfjárförf stofnunarinnar kom í ljós að nauðsynlegt er að mæta aukinni eftirspurn eftir útlánum hjá stofnuninni með lántökum þannig að handbært fé sé nægjanlega sterkt. Með árlegum lántökum skv. sjóðstreymisáætlun, helst jafnvægi á milli eigna og skulda og viðheldur það einnig stöðu handbærs fjár.
- Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar er vel yfir lögbundu lágmarki. Þrátt fyrir að áætlað sé að það muni lækka á næstu árum verður það áfram töluvert yfir lögbundum viðmiðum.

Frávik:

- Misræmi var milli gengisbundna eigna og skulda á árinu, umfram leyfileg mörk sett í Áhættustefnu og áhættureglum. Eftir afnám gjaldeyrishafta hefur verið auðveldara að ná stjórn á gjaldeyrisjöfnuði og náðust sett markmið í Áhættustefnu og áhættureglum í lok mars sl.
- Uppgreiðslur lána voru umfram hámarksviðmið, sem er 2%, en uppgreiðsluhlutfall var 7,9% árið 2016. Ástæðan var fyrst og fremst uppgreiðslur félaga í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Meta þarf hvort hækka þurfi það viðmið sem sett er um hámarksuppgreiðslu útlána.

HP vék af fundi.

### 6. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 15/17, 3. maí 2017*

AP kynnti fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 16/17, 10. maí 2017*

AÐ kynnti fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 17/17, 18. maí 2017*

AÐ kynnti fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 18/17, 29. maí 2017*

AÐ og AME kynntu fundargerðina.

...

...

...

...

...

...

...

## 7. Önnur mál

Formaður lagði til að Byggðastofnun myndi standa að málþingi um orku og byggðapróun á haustmánuðum. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:24  
Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

